

Titill:

Listasaga

Námsgrein

Saga

Viðfangsefni

Listasaga frá steinöld fram til 13. aldar. Listasaga steinaldar, Mesópótamíu, Egyptalands, Grikklands, Rómaveldis, frumkristni, rómanskrar og gotneskrar listar og arkitektúrs.

Skammstöfun

LIST 3CF05

Lýsing

Valáfangi í listasögu, þar sem fjallað er um listir og handverk steinaldarmanna um víða veröld. Þá er myndlist, höggmyndir og arkitektúr fornra menningarheima eins og Mesópótamíu, Egyptalands, Grikklands og Rómaveldis skoðaðar rækilega og þróun listarinnar rekin. Lítillega farið í kínverska list á fornöld. Evrópsk miðaldalist sem á rætur í rómverskri arfleifð og frumkristni er skoðuð lítillega. Að lokum er skoðað er nokkuð ítarlega rómönsk og gotnesk list og arkitektúr.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið:**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

mismunandi tímaskeiðum í sögu listarinnar

tilgangi og mikilvægi listarinnar á mismunandi tímaskeiðum

helstu stíleinkenni hvers menningarheims

þróun myndlistar, höggmynda og arkitektúrs

áhrif menningar á listsköpun og hvernig hinar fornu þjóðir reyndu að skilja heiminn í gegnum listina

listrænni þróun í verkum Grikkja og Rómverja

uppgangi og grósku kristinnar listar sem óx út úr rómverskri listhefð og blandaðist áhrifum germanskrar menningar á tímum þjóðflutninganna miklu

býsanskri list sem er trúarleg og táknræn og hafði mikil áhrif á vestræna listsköpun

meiriháttar liststílum miðaldalistar eins og rómanskri og gotneskri list

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

greina sögulega þróun myndlistar og samhengi hennar

greina menningarlegan stíl mismunandi tímaskeiða

greina listfræðileg viðfangsefni byggð á þekkingu

skilgreina og túlka sjónrænt

taka þátt í umræðum um listaverk og nýta rök þeim til stuðnings

nota sjálfstæð vinnubrögð

vinna að verkefnum með samnemendum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til:

að vera fær um að skilja samsetningu og gerð ýmissa forma sjónlista og arkitektúrs

að þjálfra færni í myndlæsi

að öðlast þekkingu á og þjálfra færni í tungutaki listarinnar

að hafa þekkingu á þróun myndlistar, höggmynda og arkitektúrs

að taka frumkvæði í þekkingaröflun

gera samanburð, finna tengsl og draga ályktanir af listasögunni

að taka þátt í málefnalegum umræðum og rökræðum um listfræðileg málefni

Námsmat:

Fyrirlestrar, tímaverkefni, nemendafyrirlestrar, heimildabættir, heimsóknir á listasöfn, hópverkefni og lokapróf.